



FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

ÍSL203

Kl. 9.00-10:30

Kennari: _____

Nafn : _____ Kennit: _____

Próf	60%
Kjörbókarverkefni	15%
Vetrarborgin	20%
Vetrareinkunn	5%

Prófið er á tólf tölusettum blaðsíðum auk forsíðu.

Gangið úr skugga um að svo sé.

I. Skáldsögur, smásögur og ljóð (30%)

1. Gerðu grein fyrir bókmenntahugtakinu *tíma* í skáldsögu. (4)
Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.

2. Gerðu grein fyrir *staðreyndasjónarhorni* í skáldsögu. Skýrðu með dæmi. (2)

3. Í textabrotinu sem hér fylgir og er úr sögunni *Kveldúlfs þáttar kjörbúðar* eftir Einar

Kárason er heilli fjölskyldu lýst. Hvaða aðferðum beitir höfundur við persónulýsinguna?

Notaðu bókmenntahugtökin til að skýra mál þitt. (3)

„Nú var það upphaf mikilla tíðinda í hverfinu að nýr kaupmaður tók við rekstri kjörbúðarinnar Kveldúlfs, eða öllu heldur ný kaupmannsfjölskylda: miðaldra hjón ásamt þremur börnum sínum sem öll voru eitthvað í kringum tvítugt. Þetta virtist ákaflega samhent fólk, og það kepptist svo við að vera kammó við kúnnana að margir fengu strax á því illan bifur. Þessi fjölskylda hafði einverjar rómantískar hugmyndir um kaupmanninn á horninu sem er vinur og sálusorgari heils hverfis: þau voru að kynna sig af gamansamri einlægni og syngjandi hressleika fyrir húsmæðrunum ...“

Einar Kárason

4. Ljóðum er gjarnan skipt í þrjá flokka. Nefndu þessa flokka og gerðu grein fyrir hverjum og einum. (6)

5. (10) Brekkur anga, allt er hljótt
aðrir ganga að dýnu.
Sárt mig langar sumarnótt
að sofna í fangi þínu

Guðfinna Þorsteinsdóttir

- a) Skiptu erindinu í há- og lágkveður.
b) Dragðu hring um stuðla og höfuðstafi í erindinu.
c) Gerðu grein fyrir mismunandi rími í erindinu.

6. Gerðu grein fyrir helstu stílbrögðum í eftirfarandi ljóði. (5)

Um raddleysi og steinsvefn

Í fjallinu
hlusta ég á samsöng
fuglanna, mófuglar
neðar, mávar ofar

Og kóngulær skríða
um mosann,
víta allt um ferðir sínar
- jafnvel mínar

Grjótmenn þungt
hugsi í hlíðum
einsog steintröllin
á Páskaey
nú rétt fyrir
Hvítasunnu

Fuglasöngur,
englasöngur,
en sjálfur
hef ég misst röddina

Gyrðir Elíasson

3. Skrifðu **Rétt** eða **Rangt** í línuna fyrir framan fullyrðingarnar hér á eftir. (5)

_____ Konur eru fyrirferðalítar í Íslendingabáttum.

_____ Íslendingabættir eru sagðir eiga rætur í munnlegri frásagnarlist.

_____ Íslendingabættir eru gjarnan skilgreindir sem stuttar frásagnir af Íslendingum og gerast eingöngu á Íslandi.

_____ Íslendingabættir eru yfirleitt harmrænir.

_____ Mannlýsingar í Íslendingabáttum eru afar fjölbreyttar og mjög ólíkar mannlýsingum Íslendingasagna.

III. Málsaga (25%)

1. Skrifðu **Rétt** eða **Rangt** í línuna fyrir framan fullyrðingarnar hér á eftir. (9)

_____ Esperantó er móðurmál flestra sem búa í Lichtenstein.

_____ Heraklit taldi að orð og stofnar málsins væru eftirhermur náttúruhljóða.

_____ Samkvæmt kenningum málmyndunarfræðinga læra börn fyrst og fremst móðurmál sitt með því að hlusta og þjálf sig.

_____ Viðskeytamál er sett saman úr rótum, forskeyti, viðskeyti, aðskeyti, innskeyti og beygingaendingar sem hver um sig er merkingabært.

_____ Þrjú tungumál af Norðurlandatungumálunum eru viðskeytamál.

_____ Íslenska er beygingalaust mál.

_____ Indóevrópska málaættin er víðfeðmasta málaætt veraldar.

_____ Germönsk mál greinast í fernt, austurgermanskt mál, vesturgermönsk mál,
norðurgermönsk mál og suðurgermönsk mál.

_____ Eitt af þessum germönsku málum er útdautt.

2. Nefndu þrjár gerðir hljóðbreytinga sem urðu á fornnorrænu. (3)

3. Útskýrðu harðmæli. Nefndu dæmi um slíkan framburð og segðu hvar á landinu hann er helst talaður. (4)

4. Nefndu a.m.k. þrjú atriði sem veitast mörgum útlendingum erfið þegar þeir læra íslensku. **Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.** (3)

5. a) Hvaða orð eru hér hljóðrituð? (3)

[vahgna] _____ [bol:a] _____

[ou:pal] _____

b) **Hljóðritaðu** eftirfarandi orð. (3)

snjór _____ efla _____

refur _____

IV. Goðafræði (25%)

1. Segðu í stuttu máli frá því hvernig þau systkin Röskva og Þjálfi komust í umsjón Þórs? (5)

2. Æsirir sendu erindreka um heim allan að biðja að Baldur yrði grátinn úr Helju. Skýrðu frá því hvernig för erindrekanna gekk. (5)

3. Í gosi á Fimmvörðuhálsi í Eyjafjallajökli í mars 2010 mynduðust tveir gígar. Þeim voru gefin nöfn sem eiga uppruna sinn í goðafræði. Hvað heita gígarnir og hvernig tengjast nöfnin ásatrú? (3)

4. Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Aðeins eitt svar er rétt. (10)

Hvert er umfjöllunarefni völunnar í Völuspá?

- Hún lýsir spá sinni um upphaf heimsins, atburði í þróun hans og endalok hans.
- Hún lýsir spá sinni um líf og dauða goðanna.
- Hún lýsir í spá sinni nær eingöngu nýju upphafi eftir ragnarök.

Gylfaginningu er að finna í ...

- Sæmundar-Eddu
- Snorra-Eddu
- Íslendingabáttum

Gylfaginning segir frá ...

- samtali sænsks konungs og dulbúinna vera sem eiga að vera Óðinn.
- samtali danskrar drottningar og Óðins.
- samtali íslenskra ráðamanna og Óðins.

Þrjár nornir, sem skapa mannkyninu örlög og búa á himni, heita ...

- Urður, Furður og Framandi
- Urður, Verðandi og Skuld
- Frigg, Freyja og Vör

Ýmir gekk einnig undir nafninu ...

- Búri
- Óðinn
- Aurgelmir

Þegar lík Baldurs var borið út á skipið og kona hans, Nanna Nepsdóttir, sá það ...?

- sprakk hún af harmi og dó.
- hló hún og hló, hún skelli, skellihló.
- hefndi hún sín og til Loka sló.

Hver var æðstur goða?

- Njörður
- Óðinn
- Þór

Hver var æðst gyðja?

- Frigg
- Freyja
- Nanna

Hverjar af eftirfarandi þrautum voru lagðar fyrir Þór og föruneysi hans hjá Útgarða-Loka?

- Kappát, kappróður og spretthlaup
- Kappsund, kattarlyfta og kappróður
- Kappát, kappdrykkja og kattarlyfta

Hvað hétu fjötrarnir er æsirnir lögðu á Fenrisúlfi?

- Gísli, Eiríkur og Helgi
- Læðingur, Drómi og Gleipnir
- Urður, Verðandi og Skuld

Í fjöturinn, sem Fenrisúlfur var bundinn með, var m.a. notað ...

- skegg konunnar, dyn kattararins, hráki fuglsins
- rætur bjargsins, andi fisksins, sál selsins
- skegg konunnar, salt sjávarins, vængir vespunnar

Hvernig missti Týr hægri hönd sína?

- Miðgarðsormur beit höndina af honum.
- Loki beit höndina af honum.
- Fenrisúlfur beit höndina af honum.